

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 16. nóvember 2004 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingum á deiliskipulagi Naustahverfis I. Um er að ræða breytta húsgerð við Skálatún, breytt lóðamörk leikskólalóðar við Hólmatún, breytta legu stígs út úr Mýrartúni og breytta innbyrðis skiptingu lóða nr. 2-18 við Stekkjartún í húslóðir og sameiginlegar aðkomulóðir.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*Akureyri, 25. janúar 2005.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalin**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag Dalbæjarlands á Stokkseyri.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 20. janúar 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir húsdýragarð á Dalbæjarlandi á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000/1:5000 þann 20. júlí 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 15. september til og með 13. október 2004 með athugasemdafresti til og með 27. október 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillögunu hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 25. janúar 2005.*

**Grétar Zóphaníasson**, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

## AUGLÝSING

### um breytingu á greinargerð aðalskipulags Búðahrepps 2002-2022.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022, frá 4. júlí 2003.

Texti greinargerðar með aðalskipulaginu breytist vegna 1. áfanga að stækkun íbúðarbyggðar upp af íþróttavelli, þannig að þar verður gert ráð fyrir byggingu sérbýlis- og fjölbýlishúsa á einni til þremur hæðum.